



Að fara yfir eigin texta

Koma fram nægar upplýsingar?

- Kemur fram í textanum hvað gerðist, hvar, hvenær og hvernig?
- Hef ég útskýrt hvað ég meina? Er ef til vill einhver hluti sem gæti ruglað lesandann?
- Hef ég lýst umhverfinu og fólkinu það vel að lesandinn geti í huganum upplifað söguna? (Getur hann séð fyrir sér atburðinn og umhverfið?).
- Nota ég beina ræðu? Hef ég sett gæsalappir utan um þess konar setningar? Dæmi: „Heyrðu! Ætlar þú að drepa okkur öll með svona glannaakstri,” sagði ökukennarinn byrstur við Halldór.
- Vantar atriði inni í frásögnina svo að lesandinn skilji hana eða geri ég ráð fyrir því að lesandinn viti meira en hann í raun veit? Nota ég dæmi til að skýra út hvað ég meina?
- Hver er mest spennandi eða áhugaverðasti hlutinn í textanum? Hvernig get ég notfært mér þennan hluta til að styrkja söguna ?

Er of mikið af upplýsingum?

- Er einhver hluti óþarfur? Get ég strikað eitthvað út?
- Um hvað er þessi frásögn? Eru hlutar í frásögninni sem fjalla um eitthvað annað?
- Fjallar frásögnin um fleira en eitt efni? Hvaða efni ætla ég raunverulega að fjalla um?
- Er þetta „upptalningarfrásögn?“ Get ég brotið upp frásögnina og lýst aðalatriðunum betur?
- Er of mikið af samtölum í frásögninni?
- Eru of mörg smáatriði sem skipta í raun litlu máli?
- Hef ég skýrt of mikið út? Er ég að reyna að útskýra sjálfsgöð atriði?

Hvernig get ég lagfært byrjunina hjá mér?

- Vekur byrjunin áhuga lesandans á sögunni?
- Fær lesandinn hugmynd um inntak frásagnar strax í inngangi?



Að fara yfir eigin texta

Hvernig get ég lagfært endinn hjá mér?

- Vekur endirinn upp vangaveltur hjá lesandanum?
- Hvernig vil ég að lesandanum líði eftir lesturinn? Mun lesandanum líða þannig eftir þennan endi?
- Hvað vil ég að lesandinn viti að loknum lestri? Fær hann þær upplýsingar í þessum endi?
- Er endirinn endaleysa?

Hvað með nafn frásagnar?

- Passar nafnið við efni frásagnar?
- Er nafnið áhugavekjandi? Vill lesandinn lesa áfram þegar hann les nafnið?

Hvernig eru málnotkun og stílbrigði í frásögninni?

- Hef ég sagt eitthvað oftar en einu sinni?
- Hef ég notað sum orð of oft (eins og: sagði, og, síðan, og svo)?
- Eru einhverjar setningar of langar (lengri en 10 orð)?
- Nota ég greinaskil sem auðvelda lesandanum lesturinn?
- Gerðust hlutirnir í rétttri röð? Hef ég sett saman þær upplýsingar sem eiga saman?
- Er sögumaðurinn alltaf sá sami?
- Er frásögnin alltaf í sömu tíð (nútíð – þátíð)?